

Fréttapistill frá forseta Íslands

25. maí 2021

Ýmislegt bar til tíðinda í nýliðinni viku eins og fyrri daginn. Á þriðjudaginn var flutti ég ávarp á stafrænni ráðstefnu um máltæknibyltingu og stafræna nýsköpun íslenskrar tungu.

Ég vek sérstaka athygli á því að nú erum við, sem tölum íslensku, hvött til þess að spjalla saman og byggja þannig upp öflugan orðabanka. Okkur ætti ekki að verða skotaskuld úr því, málgjöðu fólki og öðrum manneskjum. Hér er slóðin að spjallsíðu Samróms: <https://spjall.samromur.is/>.

Þennan sama þriðjudag átti ég fund með Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem kom hingað til lands vegna ráðherrafundar Norðurskautsráðsins. Síðastliðinn fimmtudag fundaði ég einnig með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. Á báðum þessum fundum bar mikilvægi menningar og tungumála á góma. Gaman var líka að heyra að báðir luku lofsorði á öll þau, sem hafa komið að formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu síðastliðin tvö ár. Rússar taka nú við því kefli og fylgja þeim góðar óskir héðan frá Íslandi.

Á fimmtudaginn var sóttum við Eliza Hönnunarmars sem haldinn er í Reykjavík. Mér hlotnaðist einnig sá heiður að afhenda verðlaun í Ullarþoni, nýsköpunarkeppni Textílmíðstöðvar Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Upplýsingar um verðlaunahafa má sjá hér: <https://www.forseti.is/fr%C3%A9ttir/2021-05-20-ullarþon/>. Fróðlegt var að verða vitni að þeirri grósku sem gætir svo víða á sviði hönnunar, lista og verkiðnar.

Síðastliðinn föstudag hitti ég að máli Héðin Unnsteinsson, formann Geðhjálp, og Grím Atlason, framkvæmdastjóra samtakanna. Þeir kynntu fyrir mér nýjan sjóð, Styrktarsjóð geðheilbrigðis, sem nýta skal til að stuðla að framförum í geðheilbrigðismálum. Geðhjálp leggur sjóðnum til 100 milljóna króna stofnframlag en leitar eftir stuðningi hins opinbera og einkaaðila við framtakið. Einnig ræddum við vítt og breitt um stöðu geðheilbrigðismála á Íslandi og leiðir til nauðsynlegra úrbóta á ýmsum sviðum.

Að þessum fundi loknum tók ég á móti réttindagæslumönnum fatlaðs fólks. Fyrir í þessum mánuði voru tíu ár liðin frá því að þannig staða var fyrst skipuð, í tíð Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra. Nú starfa átta réttindagæslumenn í sjö stöðugildum um land allt. Þeim er ætlað að styðja við fatlað fólk þannig að það njóti jafnræðis á við aðra í samfélaginu. Á fundinum kynntu réttindagæslumennirnir störf sín og stöðu fatlaðs fólks á Íslandi.

Eftir hádegi lá leið mín í Þjóðmenningarhúsið í Reykjavík. Þar flutti ég ávarp og afhenti verðlaun á viðurkenningarhátíð foreldrasamtakanna Heimili og skóli. Fjöldi fólks var tilnefndur til verðlauna en þau sem urðu þeirra aðnjótandi eru þessi: Stóra upplestrarkeppnin hlaut foreldraverðlaunin í ár og Ingibjörg Einarsdóttir, formaður Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn, var valin dugnaðarforkur

Heimilis og skóla. Tvö verkefni fengu sérstök hvatningarverðlaun: Söngleikurinn Annie sem var settur á svið í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði og verkefnið Sjálfbærni og minni matarsóun við heilsuleikskólann Urðarhól í Kópavogi. Mér þótti sérstaklega vænt um að geta afhent Ingibjörgu Einarsdóttur viðurkenningu fyrir hennar mikla starf í aldarfjórðung í þágu lestrar og lestrarkunnáttu ungmenna.

Síðastliðinn laugardag fylgdist ég svo með Íslandsglímunni sem háð var í Reykjavík. Í ár var keppt um Grettisbeltið í 111. sinn en um Freyjumenið hefur verið glímt 22 sinnum. Ásmundur Hálfán Ásmundsson frá UÍA og Jana Lind Ellertsdóttir frá HSK fögnuðu sigri og eru því glímukóngur og glímudrottning Íslands. Íslandsglíman var ekki háð í fyrra vegna farsóttarinnar en þau Ásmundur og Jana báru einnig sigur úr bítum í hitteðfyrra.